

Hverfisnefnd Naustahverfis

41. fundur, 8. maí 2012

Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 20:00 – 21:30

Mættir: Bjarni Sigurðsson, Ásdís Birgisdóttir, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Ómar Ívarsson og Gísli Rúnar Magnússon.

Gísli Rúnar Magnússon ritaði fundargerð.

1. Deiliskipulagsmál á reit við Hólmatún 1-9

Rætt um fyrirhugaðar framkvæmdir á reit við Hólmatún 1-3 og 5-9. Farið yfir svar skipulagsnefndar við athugasemdum hverfisnefndarinnar.

2. Deiliskipulagsmál á reit við Sómatún 9-49

Rætt um skipulagsbreytingar á reit við Sómatún 9-49. Ákveðið að amast ekki við þeim.

3. Hreinsunardagur í hverfinu

Rætt um hvort ekki væri reynandi að halda hreinsunardag í hverfinu. Götur myndu sameinast um að hreinsa sitt nánasta umhverfi, götuna og opin svæði (þó ekki sinn eigin garð að þessu sinni) og enda svo jafnvel á grillveislu. Biðlum til Akureyrarbæjar að auglýsa fyrir okkur (á sinn kostnað) og sækja svo ruslið út á götu, t.d. á næsta virka degi. Tímasetning innan ákveðinna marka, t.d. laugardagur milli 11 og 13. Pokum úthlutað milli 10:30 og 11 við skólann. Bærinn skaffi poka. Bjarni ræðir við Helga í framkvæmdadeild um hvort þeir sæki ruslið og skaffi poka oph. og Dagnýju varðandi kostnaðarhliðina. Tillaga um að gera þetta laugardaginn 19. maí. Auglýsing þyrfti að komast í Dagskránnu í næstu viku, þ.e. mánudaginn 14. og til birtingar miðvikudaginn 16.

4. Vorhátíð Naustahverfis

Skv. skóladagatali Naustaskóla er vorhátíðin 31. maí. Rætt um aðkomu nefndarinnar að þeirri hátíð. Stefnt að því að nefndin komi að þessu með svipuðu fyrirkomulagi og undanfarin ár, þ.e. pylsupartý og auglýsing í Dagskránnu. Reynum að fá borð hjá bænum, grill hjá Ara á Greifanum og innkaupin verða með svipuðu sniði og í fyrra.

5. 150 ára afmæli Akureyrar

Sá hluti hverfisnefndar sem sér um afmælishátíðina ætlar að hittast í næstu viku og ræða málin.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið.